

# Fundargerð

## Rauði krossinn við Eyjafjörð Stjórnarfundur þriðjudaginn 15. okt. 2024 kl. 17:00 Fundinum fór fram á „Teams“

Mætt: Þorsteinn K. Björnsson, formaður, Sigríður Stefánsdóttir, Kristjana Valgeirsdóttir, Eva Hrund Einarsdóttir, Jón Baldvin Hannesson.

Boðuð forföll: Kristín Björk Gunnarsdóttir, Kári Fannar Lárusson, Konráð K. Baldursson, Gísli Kort Kristófersson, Jovana Kotaras, Kristín Helga Schiöth.

Starfsmenn: Ingibjörg Halldórsdóttir, deildarstjóri.

Formaður setti fund og bauð fundarfólk velkomið til fundar.

### 1. Framlag til alþjóðlegs hjálparstarfs

Í fjárhagsáætlun deildarinnar var á árinu gert ráð fyrir 4 millj. kr. til alþjóðlegs hjálparstarfs á vegum Rauða krossins. Stjórnin óskaði eftir upplýsingum og tillögum frá landsskrifstofu og fékk þaðan ábendingar um þrjú verkefni.

Stjórnin samþykkir að veita 4 millj kr. til færanlegrar heilsugæslu í Hargeisa í Sómalíu sem Rauði krossinn á Íslandi hefur lengi stutt við. Heilsugæslan leggur sérstaka áherslu á að veita ungbarna – og mæðravernd, þar með talið eftirlit með næringu barna, sem er mikilvægt á svæði þar sem endurteknir og slæmir þurrkar hafa grafið undan fæðuöryggi.

Þetta er þriðja árið í röð sem deildin leggur fram stuðning við hjálparstarf í Sómalíu.

### 2. Drög að starfsreglunum stjórnar Rauða krossins við Eyjafjörð

Með fundarboði fylgdu drög að starfsreglum stjórnar deildarinnar.

Stjórnin fór yfir og ræddi drögin og felur deildarstjóra að leggja ný drög fram á næsta fundi, með hliðsjón af ábendingum og umræðu á fundinum.

### 3. Útboð ríkisins vegna flóttamannaverkefnis

Deildarstjóri fór yfir stöðu útboðsins. Samkvæmt niðurstöðu mun Rauði krossinn við Eyjafjörð áfram sinna þjónustu við flóttamenn á Norðurlandi en hætta reglulegri þjónustu á Austurlandi samhliða því að sveitarfélögin á Austurlandi hætta þátttöku í samræmdri móttöku.

### 4. Starfsmannamál

Deildarstjóri gerði grein fyrir því að Noelia Zapada hafi verið ráðin í tímabundna stöðu verkefnafulltrúa í flóttamannaverkefnum. Hún hefur starfað hjá landsskrifstofu Rauða krossins s.l. ár sem ESC sjálfboðaliði í málefnum fólks á flóttu.

### 5. Viðhald á húsnæði og lóð.

Formaður gerði grein fyrir stöðu mála.

JRH EKE  
PK/S K/v  
SSA .

## 6. Tillögur um fundarefni á formannafundi.

Formaður greindi frá þeim tillögum sem hann sendi fyrir hönd deildarinnar vegna formannafundar Rauða krossins í nóvember, en óskað hafði verið eftir tillögum frá deildum. Gerð var tillaga um tvö umræðuefni; um fataverkefnið og um framhald vinnu samkvæmt tillögum framtíðarnefndar, sérstaklega sem varðar samvinnu deilda og deildarskrifstofur. Formaður telur að tillögurnar virðast ekki hafa náð fram að ganga. Tillaga sem varðaði fataverkefnið, verður ekki til umfjöllunar samkvæmt útsendri dagskrá. Stjórnin samþykkir að semja formlegt erindi og senda til stjórnar Rauða krossins, þar sem m.a. verður farið fram á endurskoðun á skiptingu á tekjum vegna fatasölu og að fjallað verði um stöðu verkefnisins á landsvísu.

## 7. Formannafundur Rauða kross Íslands.

Formannafundur verður haldinn að Helli 9. nóvember. Formaður deildarinnar mun sækja fundinn. Einnig á deildarstjóri rétt á að sitja fundinn og mun sækja hann.

## 8. Umræða um fækkun stjórnarmanna

Nú er komin töluverð reynsla á starfsemi Rauða krossins við Eyjafjörð eftir sameiningu deilda við fjörðinn og ljóst er að samstarfið hefur gengið með ágætum. Rætt var hvort ekki sé rétt að stíga næsta skref með að fækka stjórnarmönnum, sem nú eru 9 og varamenn fjórir. Stjórnin samþykkir að leggja tillögu um lagabreytingu fyrir næsta aðalfund, þar sem stjórnarmönnum verði fækkað í sjö og varamönnum í tvo.

Fundarritari: Sigríður Stefánsdóttir

Þaurem K Björk  
Kristjana V. Valgeirsd.

Ólafur Hannemyr  
Eva Hanns Finarsd.  
Sigríður Stefánsdóttir